

Vegna: Máls nr. 1436/2025, Vaðfitjanáma (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Fiskistofa fær ekki séð að efnistaka á svæðinu geti haft teljandi áhrif á viðkomu fiskstofna, lífríki í Þjórsá eða Tungnaá eða veiðihagsmuni. Með tilliti til þeirra hagsmuna telur Fiskistofa að framkvæmdin þurfi ekki að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Fiskistofa bendir þó á að framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sjá nánar: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Með umsókn skulu fylgja umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa á lífríkið og umsögn viðkomandi veiðifélags.

Höfundur: Guðni Magnús Eiríksson

Sent inn þann: 23.10.2025 , **Fyrir hönd:** Fiskistofa



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Dagsetning 14.11.2025
Málsnúmer FOR25100106

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Skipulagsstofnunar frá 22. október sl. Landsvirkjun eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort 80.000 m³ efnistaka við Vaðfitjanámu í Rangárþingi ytra sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Landsvirkjun áætla efnistöku úr nýju efnistökusvæði Vaðfitjanámu í Rangárþingi ytra. Um er að ræða 80.000 m³ af efni, á um 11 ha svæði á Þjórsáreyrum, austan við Þjórsá og sunnan Sultartangalóns, skammt frá vindorkuverinu sem nefnt er Vaðölduver.

Svæðið er í þjóðlendu og er að hluta til innan nýstofnaðrar lóðar, Vaðalda vindorkuver. Samhliða matsfyrirspurn er unnið að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og gerð verður breyting á deiliskipulagi Vaðölduvers

Um er að ræða efnistöku á vegum Landsvirkjunar á Þjórsáreyrum, á milli Sultartangalóns og Vaðölduvers, skammt austan marka Rangárþings ytra við Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Fyrirhugað er að nýta allt að 80.000 m³ af efni á um 11 ha svæði. Framkvæmdarsvæðið er raskað vegna eldri framkvæmda við gerð vegar og brúar, auk virkjanaframkvæmda við Sultartangasvæðis og er innan framkvæmdasvæðis Vaðölduvers.

Tilgangur framkvæmdar er að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, þar sem reknar eru vatnsaflsvirkjanir og fyrirhugaðar eru framkvæmdir vegna vindorkuvers við Vaðöldu. Fyrirhuguð efnistaka kemur til með að veita Landsvirkjun meira svigrúm fyrir efnistöku vegna núverandi, fyrirhugaðra og áframhaldandi reksturs og framkvæmda, þar á meðal við Vaðöldu, Sigöldu, Sultartanga og Búrfell. Markmiðið er að afla jarðefna sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til efnis fyrir einstaka framkvæmda þætti og rekstur Landsvirkjunar, s.s. sandi fyllingarefni með rafstrengjum. Með efnistöku í Vaðfitjanámu er leitast eftir að betur nýta svæðið sem nú þegar er á áhrifasvæði framkvæmda, stytta vegalengdir undir flutninga á jarðefni og draga úr þörfinni á að ný lítt raskað svæði verði tekin undir efnistöku, m.a. vegna framkvæmda Landsvirkjunar.

Svæðið er staðsett fjarri byggð en á aðliggjandi og nálægðum svæðum er mikil iðnaðarstarfsemi í formi orkuvinnslu; Sultartangastöð, Búrfellsstöð og Búðarhálsstöð, tvær vindmyllur á Hafinu og Vaðölduver sem er í uppbyggingu. Auk þess mikil samgöngu- og flutningsmannvirki, vegir, háspennulínur auk breyttra vatnsfarvega, lóna og stíflumannvirkja.

Framkvæmdarsvæðið er innan svæðis þar sem er forsögulegt hraun úr Bárðarbungu og er aðliggjandi við Vaðfit sem eru gervígígar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Svæðið er í um 265 m hæð yfir sjávarmáli og er á gróðurlitlum áreyrum, í um 50 m fjarlægð frá Þjórsá.

Efnistaka mun fara fram innan varnargarðs sem liggur meðfram ánni. Svæðið hefur þegar verið skoðað, m.a. út frá verndargildi gervigga í tengslum við umhverfismat Búrfellslundar (nú Vaðölduvers).

Áætlað er að efnisvinnsla verði að mestu á uppbyggingartíma vindorkuversins og efni verði nýtt í tengslum við það. Megin aðkoma inn að námunni verður af iðnaðarsvæði Vaðölduvers. Efni verður flutt inn á framkvæmdasvæði Vaðölduvers til notkunar eða um vinnuvegi út á Þjórsárdalsveg, þar sem það verður nýtt í nálægð við efnistökusvæðið.

Efsta lagi, sem ekki nýtist, verður ýtt til hliðar og nýtt síðar við frágang svæðis. Sá gróður og lífrænn jarðvegur sem fyrir er, er rýr. Nýtanlegt efnislag er fremur þunnt, eða um 3 m en kann að vera þykkara á afmörkuðum svæðum. Efni verður mokað og/eða ýtt upp í vinnsluhauga og eftir atvikum sigtað eða mulið til að það henti betur til notkunar. Stærsti hluti efnis verður unnið á framkvæmdartíma Vaðölduvers en eftir atvikum kemur hún til með að halda áfram verði efni til staðar sem nýtist í aðrar framkvæmdir. Efnisflutningar verða að minnsta kosti að hluta til beint inn á framkvæmdasvæðið og fara ekki inn á þjóðveg. Nánari útfærsla á efnisflutning liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Eftir því sem hægt er verður svæðum lokað þegar vinnsla lýkur og/eða nýtanlegt efni þrýtur. Raskað svæði verður jafnað og aðlagð að nálægu landi. Fyrir liggur að svæðið er innan Hekluskögaverkefnis og haft verður samráð við Land og Skóg um frágang, hvort plantað verði birki og víði í frágengin svæði jafnóðum eða bara sáð í þau. Efnistökusvæðið verður nýtt á uppbyggingartíma Vaðölduvers. Við lok framkvæmda verður metið, í samráði við sveitarfélag og eftir atvikum aðra aðila hvort það verði nýtt áfram til efnistöku. Þó verður ávallt leitast við að ganga jafnóðum frá fullunnum svæðum og taka ekki stærra svæði til nýtingar, en þörf er á.

Fyrirhuguð efnistaka er innan Landmannaafréttar sem er þjóðlenda og um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998. Leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku og fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Öll önnur nýting lands og landsréttinda í þjóðlendum eru háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýtingin til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.

Ráðuneytið telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á.

Á bls. 12 í kafla 2.7 í matsskyldufyrirspurninni þarf að uppfæra neðstu efnisgreinina, þar mætti standa „Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku og fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.“

Með fyrirvara um þessi sjónarmið, gerir forsætisráðuneytið ekki frekari athugasemdir við matsskyldufyrirspurn vegna 80.000 m³ efnistöku við Vaðfitjanámu í Rangárþingi ytra en tekur fram að mikilvægt sé að áfram verði haft samráð við ráðuneytið ef kemur til frekari breytinga á skipulagi á svæðinu.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 4. gr. laga nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Fyrir hönd ráðherra, eftir umboði

Regína Sigurðardóttir

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Garðabær, 18. nóvember 2025
202510-0097/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn Vaðfitjanáma -

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar vegna matskyldufyrirspurnar Landsvirkjunar um efnistöku í Vaðfitjanámu, sem barst Náttúruverndarstofnun 24. október sl. Náttúruverndarstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt umsögn varðandi verkefnið á skipulagsstigi.¹

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé efnistaka allt að 80.000 m³ á um 11 ha svæði á Þjórsáreyrum, innan Þjóðlendu Landmannaafreittar og að hluta innan iðnaðarlóðar Vaðöldu. Framkvæmdin er hugsuð fyrir framkvæmdir við vindorkuver Vaðöldu, Sultartanga, Sigöldu og tengdar framkvæmdir.

Vistgerðir og gróður

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé skilgreint sem eyðihraunavist, vistgerð með lágt verndargildi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að:

- vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar er ágengt, en á þessu svæði hafa áður verið gerðar vettvangsrannsóknir vegna Vaðölduvers;
- samkvæmt þeim rannsóknum er gróðurfar rýrt og svæðið að mestu áreyrar og rofsvæði;
- hluti gróðurs á svæðinu er tilkominn vegna landgræðslu og hefur takmarkað náttúrufarslegt gildi.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er ólíklegt að efnistakan hafi áhrif á vistgerðir eða gróður með hátt verndargildi.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé ekki innan skilgreindra mikilvægra fuglasvæða og að fyrri rannsóknir vegna Vaðölduvers hafi sýnt lágan þéttleika varpfugla.

Náttúruverndarstofnun bendir á:

¹ <https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Umsögn%20-%20Breyting%20á%20aðalskipulagi%20Rangárbings%20ytra%202016%20-%202028%20-%20Vaðfitjanáma%203.%20september%202025.pdf>

- að mikilvægt sé að staðfesta með nýjum gögnum hvort mófuglategundir (þ.m.t. ábyrgðartegundir Íslands, s.s. spói, hrossagaukur og lóa) nýti svæðið á varptíma;
- að framkvæmdarsvæðið er stórt og á jaðri hálendisins þar sem mófuglategundir eru útbreiddar;
- að röskun búsvæða geti haft staðbundin áhrif þó vistgerðin sé lágvernduð.

Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf eru líklega lítil en æskilegt væri að leggja fram greiningu eða staðarathugun fyrir ákvörðun um matsskyldu.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé að hluta innan forsögulegs hrauns úr Bárðarbungu, auk þess sem það liggja að gervígum við Vaðfit sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þá er svæðið skilgreint sem eyðihraunavist samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er stór hluti skipulagssvæðisins sandorpið hraun. Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða sérstök vistgerðarvernd, geti haft sjálfstætt verndargildi.

Í þessu tilviki kemur ekki skýrt fram hvort þær hraunmyndanir sem fyrirfinnast á svæðinu séu heillegar eða greinilegar og því liggur ekki fyrir hvort hraunið njóti verndar sem jarðminjar samkvæmt 61. gr.

Náttúruverndarstofnun bendir á að:

- engin ný úttekt fylgir matsfyrirspurninni
- ef hraun eða gervígur falla undir 61. gr. þarf framkvæmdaraðili að sýna fram á brýna almannahagsmuni, rökstyðja valkosti og minna raskkost.

Náttúruverndarstofnun telur að áður en hægt er að taka ákvörðun um matsskyldu er æskilegt að liggja fyrir sjónmat eða sérfræðiúttekt um jarðmyndanir innan svæðis, í samræmi við fyrri umsögn stofnunarinnar.

Framkvæmd

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminja sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið

til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt er að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint, sérstaklega ef ákvarðað er að framkvæmdin er ekki matsskyld.

Landslag og ásjúnd

Í greinargerð kemur fram að áhrif verða tímabundin og staðbundin og að svæðið sé nú þegar mikið raskað.

Náttúruverndarstofnun bendir á að:

- svæðið er á hálendinu eða á jaðri hálendisins þar sem er víðsýni og að efnistaka verður áberandi á framkvæmdatíma, í samræmi við umsögn frá 2. maí 2025² ;
- mikilvægt er að efnistaka fylgi landformum og að frágangur verði skilgreindur með skýrum hætti
- samkvæmt 69. gr. náttúruverndarlaga skal gæta þess að ásjúnd lands raskist sem minnst vegna mannvirkjagerðar og framkvæmda.

Áhrif á landslag eru líklega afturkræf með góðum frágangi, en sýnileiki framkvæmdarinnar er engu að síður verulegur á framkvæmdatíma.

Samlegðaráhrif

Í greinargerð kemur fram að efnistakan tengist uppbyggingu Vaðölduvers og að markmiðið sé að nýta þegar raskað svæði.

Náttúruverndarstofnun bendir á:

- að samlegðaráhrif efnistöku, vindorkuuppbyggingar og eldra virkjanaframkvæmda á sama svæði geta orðið veruleg;

² <https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Umsögn%20-%20Lýsing%20-%20Aðalskipulag%20Rangárpings%20ytra%202016-2028%20-%20Vaðfitjanáma%20efnistökusvæði%202.%20maí%202025.pdf>

- að sérstaklega þarf að meta hvort uppsafnað rask á Þjórsáreyrum fari yfir umtalsverð mörk í heildarmat, eins og krafist er skv. lögum nr. 111/2021 og reglugerð nr. 1381/2021.

Niðurstaða

Að mati Náttúruverndarstofnunar er líklegt að áhrif framkvæmdarinnar verði staðbundin og takmörkuð, enda er svæðið þegar raskað að hluta og náttúruverndargildi lágt.

Náttúruverndarstofnun leggur til að framkvæmdaraðili leggi fram úttektir og gögn, einkum um jarðmyndanir, samlegðaráhrif, fuglalíf, valkosti og frágang, Náttúruverndarstofnun telur að framkvæmdin verði ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 18. nóvember 2025
2510114HS SG

Efni: Nr. 14362025 - Vaðfitjanáma - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Þann 22. október sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Vaðfitjanámu, Rangárþingi ytra.

Um er að ræða áform Landsvirkjunar um 80.000 m³ efnistöku á um 11 ha svæði á Þjórsáreyrum, austan við Þjórsá. Framkvæmdasvæðið er innan þjóðlendu, Landmannaafréttar og skilgreindrar iðnaðarlóðar, Vaðöldu vindorkuvers.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir fyrir sitt leyti. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands **veitir malarnámi starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018** um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



Skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. nóvember 2025

Málsnúmer: 202510-0042

IAS

Efni: Vaðfitjanáma. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 22. október 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu Vaðfitjanámu.

Landsvirkjun áformar 80.000 m³ efnistöku á um 11 ha svæði á Þjórsáreyrum, austan við Þjórsá. Framkvæmdasvæðið er innan þjóðlendu, Landmannaafréttar og skilgreindrar iðnaðarlóðar, Vaðöldu vindorkuvers. Framkvæmdin er til þess ætluð að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, þar sem reknar eru vatnsaflsvirkjanir og vindorkuver auk fyrirhugaðra framkvæmda við vindorkuvers við Vaðöldu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur er fyrirhugað efnistökusvæði á Búrfellshrauni (Tungnárhrauni) sem er um 3.200 ára nútímahraun sem kom úr eldfjallakerfi Bárðarbungu. Nútímahraun njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og skal forðast röskun þess nema brýna nauðsyn beri til. Hraunið er sandorpið og talsvert raskað og því hefur verndargildi þess á fyrirhuguðu efnistökusvæði rýrnað auk þess sem mikið rask hefur fylgt framkvæmdum í nágrenninu.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er eyðihraunavist, með lágt verndargildi, langalgengasta vistgerðin á svæðinu en einnig eru þar skráðir smærri blettir með mosahraunavist, lynghraunavist og fléttuhraunavist sem einnig hafa lágt verndargildi. Svæðið er utan verndarsvæða og ekki innan mikilvægs fuglasvæðis.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum og ekki sé þörf á að hún fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b

105Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar varðandi Vaðfitjanámu

Yðar tilvísun: mál nr. 1436/2025

Vísað er til erindis dagsettu 22. október 2025 úr Skipulagsgátt. Vegagerðin hefur rýnt framlögð gögn á grundvelli 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, með hliðsjón af ábyrgð stofnunarinnar varðandi umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á umferð og innviði á ábyrgð Vegagerðarinnar.

Framkvæmdasvæðið er staðsett rétt norðan í Þjórsárdalsvegur (32-11), stofnvegur Vegagerðarinnar í flokki C8. Í matsskýrslu kemur fram að aðkoma að námunni sé um Þjórsárdalsveg en gert ráð fyrir að efnisflutningar verði að minnsta kosti eða að hluta til innan framkvæmdasvæðisins og verði því ekki um þjóðveg skv. fyrirbyggjandi áformum.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir svo framarlega sem þeim mótvægisáðgerðum sem lýst er í matsskýrslu er fylgt eftir.

Ef áform um efnisflutninga breytast, vekur Vegagerðin athygli á því að þungatakmörkanir gilda fyrir vegi Vegagerðarinnar. Einbreiðar brýr eru á Þjórsárdalsvegi (32) til vesturs og Sprengisandsleið (26) til austurs þar sem takmörkanir eru í gildi. Sækja þarf um undanþágu frá Samgöngustofu vegna þungaflutninga á vegum og brúm þar sem sett eru mörk á leyfilegan öxulþunga og heildarflutninga á sólarhring. Vegagerðin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að farmur sé tryggður áður en ekið er inn á þjóðvegi.

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Anna Margrét Sigurbergsdóttir

Undirskrift

Vegna: Máls nr. 1436/2025, Vaðfitjanáma (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Land og skógur gerir engar athugasemdir.

Páll Sigurðsson
skipulagsfulltrúi
Land og skógur

Höfundur: Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sent inn þann: 24.11.2025 , **Fyrir hönd:** Land og skógur

Vegna: Máls nr. 1436/2025, Vaðfitjanáma (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi lýsingu og leggur til að hún verði send til umsagnar og kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynning lýsingar skal standa í a.m.k. tvær vikur talið frá birtingu auglýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins og í staðarblaði, eða nánar tiltekið frá 10.-24. apríl 2025. Að auki fjallaði nefndin um áherslur varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Niðurstaða nefndarinnar er að efnistaka við Vaðfitjar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 111/2021. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn staðfesti niðurstöðu nefndarinnar á fundi sínum 9.4.2025.

Haraldur **Birgir Haraldsson**
Skipulagsfulltrúi

Höfundur: Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sent inn þann: 24.11.2025 , **Fyrir hönd:** Rangárþing ytra

Viðhengi:

8.1.Rangárþingytra_Fundasaga.pdf

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2503088

Málsheiti: Vaðfitjanáma við Þjórsá. Nýtt efnistökusvæði. Breyting á aðalskipulagi.

Málsaðili: Landsvirkjun

Skráð af: Haraldur Birgir Haraldsson

Ábyrgðaraðili: Haraldur Birgir Haraldsson

Fundur: Sveitarstjórn Rangárpings ytra - 42 (14.5.2025) - Vaðfitjanáma við Þjórsá. Nýtt efnistökusvæði. Breyting á aðalskipulagi.

Dags: 14.05.2025

Inngangur: Óskað er eftir að nýtt efnistökusvæði fyrir efnistöku allt að 80.000 m³ verði skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðrar efnistöku á Vaðfitjum við Þjórsá. Lýsing skipulagsáforma var kynnt til og með 30. apríl. Umsagnir bárust frá Landsneti, Vegagerðinni, Brunavörnun Rangárvallasýslu Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem gera ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Niðurst.: Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárpings ytra - 43 (7.5.2025) - Vaðfitjanáma við Þjórsá. Nýtt efnistökusvæði. Breyting á aðalskipulagi.

Dags: 07.05.2025

Inngangur: Óskað er eftir að nýtt efnistökusvæði fyrir efnistöku allt að 80.000 m³ verði skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðrar efnistöku á Vaðfitjum við Þjórsá. Lýsing skipulagsáforma var kynnt til og með 30. apríl. Umsagnir bárust frá Landsneti, Vegagerðinni, Brunavörnun Rangárvallasýslu Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem gera ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd samþykkir tillöguna til auglýsingar skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga en vinnslutillagan verði áður kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin telur nægilegt að kynning tillögunnar fari fram á heimasíðu sveitarfélagsins.

Fundur: Sveitarstjórn Rangárpings ytra - 41 (9.4.2025) - Vaðfitjanáma við Þjórsá. Nýtt efnistökusvæði. Breyting á aðalskipulagi.

Dags: 09.04.2025

Inngangur: Óskað er eftir að nýtt efnistökusvæði fyrir efnistöku allt að 80.000 m³ verði skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðrar efnistöku á Vaðfitjum við Þjórsá. Lögð er fram lýsing skipulagsáforma frá Eflu dags. 28.3.2025.

Niðurst.: Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárbings ytra - 41 (3.4.2025) - Vaðfitjanáma við Þjórsá. Nýtt efnistökusvæði. Breyting á aðalskipulagi.

Dags: 03.04.2025

Inngangur: Óskað er eftir að nýtt efnistökusvæði fyrir efnistöku allt að 80.000 m³ verði skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðrar efnistöku á Vaðfitjum við Þjórsá. Lögð er fram lýsing skipulagsáforma frá Eflu dags. 28.3.2025.

Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi lýsingu og leggur til að hún verði send til umsagnar og kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynning lýsingar skal standa í a.m.k. tvær vikur talið frá birtingu auglýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins og í staðarblaði, eða nánar tiltekið frá 10. -24. apríl 2025. Að auki fjallaði nefndin um áherslur varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Niðurstaða nefndarinnar er að efnistaka við Vaðfitjar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 111/2021. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Vegna: Máls nr. 1436/2025, Vaðfitjanáma (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Minjastofnun hefur kynnt sér efni skýrslunnar; Vaðfitjanáma efnistaka. Matsskyldufyrirspurn 21. 10. 2025 (Efla ehf).

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Vindorkuvers við Vaðöldu voru fornleifar skráðar á framkvæmdasvæðinu og tók sú skráning yfir umrætt efnistökusvæði; Bjarni F. Einarsson: Búrfellslundur. Vindmyllur í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fornleifaskráning 2015. (Rv. 2015). Engar þekktar fornleifar eru innan efnistökusvæðisins.

Í matsskýldufyrirspurninni er fjallað um fornminjar í kafla 3.6, bls 18. Minjastofnun hefur ekki athugasemdir við umfjöllunina og telur ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Með kveðju

Þór Ingólfsson Hjaltalín

Sviðsstjóri minjavarðasviðs

Höfundur: Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sent inn þann: 09.02.2026 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands